

13. gr.

Röng skýrslugjöf eða framlagning rangra eða villandi gagna og röng upplýsingagjöf látin í té í því skyni að fá ívilnun á tolli eða gjöldum samkvæmt ákvæðum auglýsingar þessarar getur m.a. varðað við 63. og 67. gr. laga nr. 59 28. maí 1969, um tollheimtu og tolleftirlit, með áorðnum breytingum.

Um meðferð mála vegna brots á reglum þessum fer að hætti opinberra mála.

14. gr.

Fjármálaráðuneytið sker úr ágreiningi sem rísa kann um framkvæmd og túlkun ákvæða auglýsingar þessarar.

15. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 12. tl. 3. gr. laga nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o.fl., 3. gr. laga nr. 107 30. desember 1978, um sérstakt tímabundið vörugjald, með áorðnum breytingum, 3. gr. laga nr. 78 23. desember 1980, um jöfnunargjald, og lið 3.1 í 6. gr. laga nr. 95 31. desember 1986 til að öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld auglýsing nr. 8 2. janúar 1981 um sama efni svo og auglýsingar nr. 88 2. febrúar 1981, 219 23. apríl 1982, 93 21. febrúar 1983, 192 6. apríl 1983, 117 16. febrúar 1984, 439 21. nóvember 1984, 187 29. apríl 1985 og 233 24. júní 1985 um breytingar á henni.

Fjármálaráðuneytinu, 26. janúar 1987.

Þorsteinn Pálsson.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

1. febrúar 1987

Nr. 40

AUGLÝSING

um endurgreiðsluhlutfall söluskatts fiskvinnslufyrirtækja.

Sjávarútvegsráðuneytið hefir ákveðið eftirfarandi hlutfall endurgreiðslu söluskatts af aðföngum fiskvinnslu, sem miðað er við fob-verðmæti útflutningsframleiðslu. Gildir það frá 1. janúar 1987 þar til annað verður ákveðið:

| | |
|--------------------------------|------|
| 1. Frysting | 1,4% |
| 2. Rækjuvinnsla | 1,4% |
| 3. Hörpudiskvinnsla | 1,4% |
| 4. Síldarvinnsla | 1,4% |
| 5. Söltun | 1,1% |
| 6. Hersla | 1,1% |
| 7. Mjöl- og lýsisvinnsla | 2,8% |
| 8. Þorskalýsi | 2,8% |

Sjávarútvegsráðuneytinu, 1. febrúar 1987.

F.h.r.

Jón B. Jónasson.

Sigurður P. Sigmundsson.